



Orkuklasinn



ÁGÚST - SEPTEMBER
FRÉTTABRÉF

ORKUKLASANS

Kæru félagar,

Starfsemi Orkuklasans er í mikilli grósku og fram undan eru fjölmörg tækifæri til að efla samstarf okkar. Markmið klasans er skýrt: að auka verðmætasköpun aðildarfélaga með öflugu tengslaneti, sameiginlegum verkefnum og aðferðum klasastjórnunar.



Stjórn Orkuklasans finnur til ríkrar ábyrgðar gagnvart félögunum og vill styrkja vettvanginn þannig að hann skili enn meiri árangri. Nýleg úttekt á starfseminni sýnir okkur bæði hvar við stöndum sterk og hvar við þurfum að bæta okkur, sérstaklega í rannsóknum, þróun og nýsköpun. Við ætlum að leiða fleiri alþjóðleg verkefni, sækja aukið fjármagn og efla ímynd Íslands á sviði endurnýjanlegrar orku.

Til að ná meiri slagkrafti viljum við efla samstarf og tengsl við aðila sem við eigum samleið með, og þannig tryggja félögunum aðgang að nýjum tækifærum, fjármögnun og alþjóðlegum tengingum. Í lok vetrar viljum við sýnilegar og mælanlegar framfarir. Forsendur eru sterkar: sérþekking okkar er í fremstu röð, við búum yfir hreinni endurnýjanlegri orku, fjármagn er til staðar og áhugi stjórnvalda og hagaðila á að styðja við verðmætasköpun er augljós. Nú er að hnýta þetta saman, hratt og örugglega.

Með ósk um orkumikið samstarf í vetur,
Sigurður Atli Jónsson
stjórnarformaður

www.energycluster.is





SPUNGREIND Í ORKUGEIRANUM



Líkt og undanfarin ár hófum við starfsemi haustsins með krafti og vorum með hraðnámskeið hjá AKADEMIAS um hvernig hægt er að nota spunagreindina í orkugeiranum. Fjölmenni skráðu sig til leiks og var þetta sérstaklega vel heppnað námskeið.

Námskeiðið leiddi dr Eypór Ívar Jónsson með miklum krafti, þar sem hann fór yfir þá þætti sem skipta máli að ígrunda þegar við vinnum með gervigreindina.



Gestafyrirlesari var Snæbjörn Ingi Ingólfsson frá ITERA á Íslandi sem fór yfir tækifærin sem gervigreindin skapar fyrir orkugeirann. ITERA er nýr félagi og það var áhugavert að heyra hvernig þeir hafa nýtt sér þróunina.

Gervigreindin getur án efa stutt við orkugeirann á margvíslegan hátt, hvort heldur sem horft er til sölu og framleiðslu, þjónustu eða framleiðslu, viðhalds og áætlanagerðar.

Tileinkum okkur tæknina, vöndum okkur og þá er árangurinn vís!

ERNA – ENERGY RESILIENCE IN THE NORTH SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ ACT CLUSTER NORWAY – NORA STYRKUR

Í samvinnu við ACT Cluster Norway, orku og iðnaðarklasa í norður Noregi förum við af stað í haust með verkefni sem stutt er af NORA undir heitinu **ERNA - Energy Resilience in the North.**



Þessir klasar fengu lítinn styrk frá NORA, norrænu ráðherranefndinni í Færeyjum, til að efla seiglu og þol orkugeirans á norðurslóðum. En auk Íslands og Noregs, munu Færeyjar og Grænland einnig taka þátt.

Norðurslóðir standa frammi fyrir vaxandi áskorunum í orkumálum vegna orkuskipta, loftslagsbreytinga og alþjóðlegrar óvissu. Þörf er á auknu orkuöryggi, sveigjanlegum lausnum og þverþjóðlegu samstarfi til að tryggja stöðug og sjálfbær orkukerfi fyrir samfélög og atvinnulíf í Noregi, á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Verkefnið miðar að því að efla seiglu í orkumálum með nýsköpun, samstarfi og þekkingarmiðlun að leiðarljósi.

Aðildarfélagar Orkuklasans munu verða boðin þátttaka og það er von okkar þetta samtal geti orðið til áhugaverðrar samvinnu og verkefna milli aðila. Stefnt er að kick off fundi í október en nánari upplýsingar verða sendar félögum í tíma.

Markmið og væntanlegar niðurstöður:

- Greina áskoranir og tækifæri til aukins orkuöryggis á Norður-Atlantshafssvæðinu.
- Efla samstarf orkuklasa, stefnumótenda og atvinnulífs.
- Móta vegvísir fyrir sameiginlegar aðgerðir og möguleg pilotverkefni m.a. í EES/ESB samhengi.
- Stuðla að aukinni miðlun þekkingar og bestu starfsvenja.
- Þróa stefnumótandi tillögur til að styrkja seiglu og öryggi orkukerfa.

ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE 2027 – 25-27.MAÍ UNDIRBÚNINGUR HAFINN

Tíminn líður sem aldrei fyrr og ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

En nú er undirbúningur að IGC2027 farinn af stað og stefnt að því að opna nýja heimasíðu eigi síðar en í byrjun október!

Eins og félagar eru meðvitaðir um þá er ráðstefnan eitt af hryggjarstykkjum vettvangsins og einn mikilvægasti viðburður okkar í greininni hér heima. Einn besti sýningargluggi Íslands í allri sinni mynd.

Við stefnum á að gera IGC enn veglegri en nokkru sinni og því tækifæri fyrir alla að láta sína þekkingu og reynslu skína sem aldrei fyrr.

Við munum tilnefna féлага í fagnefnd á næstunni og ef einhverjir eru sérstaklega áhugasamir þá endilega látið vita með því að hafa samband.

Líkt og undanfarin skipti bjóðum við upp á margvíslega möguleika þegar kemur að því að gerast kostunaraðilar, sýningu og bjóða upp á vettvangsferðir.

Af því sögðu viljum við hvetja féлага til að ígrunda aðkomu sína í tíma og bóka sitt slótt þannig að sýnileikinn verði sem mestur um leið og markaðsaðgerðir fara af stað.


- **Sponsorship tækifæri:**
 - **Platínú, Gull, Silfur og Brons**
 - 7,5 m - 5,0 m - 3,0 - 1,0
 - takmarkaður fjöldi
 - Hafðu samband: rosbjorg@energycluster.is

Við hvetjum aðildarféлага að taka þátt frá upphafi vegferðar, vera sýnilega og skapa sér tækifæri í vaxandi heimi jarðvarmans.

Sennilega hefur jarðvarminn sjaldan ef nokkurn tímann verið í jafn mikilli sókn og einmitt í dag!

ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE

Reykjavík • Harpa • 25–27 May, 2027





Orkuklasinn

SAMVINNA – ÞEKING – FRAMFARIR



AÐILDARFÉLAGAR ORKUKLASANS




Heildarfjöldi
Aðildarféлага
48 +

**Kynntu þér
starfsemi þeirra**



Orkuklasans - er fyrirtækjadrifinn þverfaglegur samstarfsvettvangur og standur fyrir verkefnadrifnum aðgerðum þar sem **þekking, samvinna og framþróun** eru höfð að leiðarljósi.

Sérstaða Orkuklasans eru aðildarfélagarnir og þekking þeirra á sviðinu og byggt hafa upp samstarfið í yfir táratug. Með þverfaglegu samstarfi þvert á virðiskeðjuna og aðrar atvinnugreinar er hægt a hraða fyrir auknum árangri og tryggja heildarávinningur.



Í PÍPUNUM HJÁ ORKUKLASANUM:

- AOK - fær kynningu frá Þýsklandi og hvað þar er að gerast
- Nýsköpunarhópurinn verður kallaður saman á næstu vikum
- Klasaaðilar spjalla.
 - klasastjóri villi eiga samtal við félagi um stöðuna, upplifun og hvað þau vilja. Sjá viðburðardagatal
- ERNA - kick off í otkóber, nánari upplýsingar sendar út til aðildarféлага
- OUR CLIMATE FUTURE - fundur í Brussel á vegum
- Undirbúningur í tengslum við IS AFL á fullum krafti með Íslandssjóðum
- Opnun nýrrar heimasíðu IGC 2027 áætluð í okt 25.